



Umsjón: Vilmundur Hansen  
Netfang: kip@dv.is

# Á Íslendingaslóðum í Vesturheimi

Undanfarin ár hefur Þjóðræknisfélag Íslendinga gengist fyrir námskeiðum þar sem Jónas Þór sagnfræðingur fjallar um landnáms sögu Íslenskra vesturfara á 19. öld og er áhugi á sögunni mikill því hátt á annað hundrað manns hafa sótt námskeiðin. Að sögn Jónasar sækir fólk námskeiðin af ýmsum ástæðum en flestir vegna mikils áhuga á sögu Íslendinga í Vesturheimi.

Fljótlega eftir að námskeiðin hófust kom fram áhugi á að ferðast á slóðir vesturfara. Sumarið 2002 var fyrsta ferðin farin og önnur í júní síðastliðnum. Jónas Þór, sem einnig var fararstjóri, segir að ferðin í sumar hafi tekist með ágætum og að hann blakki til næstu ferðar.

„Við flugum til Minneapolis, gistum þar eina nótt en svo hófist tölfraga ferðalag. Fyrst okum við til Wisconsin og byrjuðum á að skoða svæði í Shawano-sýslu þar sem mynduð var íslensk nýlend haustið 1874. Í Oconto-sýslu, skammt frá, er smáþorp, Underhill, og rétt þar hjá var landnámsjörð Stephana G. Stephansonar. Þótt engin merki sjást um veru „landnemans mála“ þar um slóðir var engu að síður magnað að ganga þar um. Við komum til Green Bay um kvöldið.“

Jónas segir að á árunum 1870–1900 hafi myndast lítil nýlenda á Washington-eyju og að þar megi enn finna eitthvert og annað sem tengist henni. „Ferjan sem flytur menn og bíla yfir á eyjuna heitir til dæmis Eyraþakki og þegar út í hana er komið blasir við lítið skilti sem á stendur „Kauptaður“. Ein ströndin heitir Jon Gislason Beach en Jón þessi var einn fyrsti íslenski landneminn á eyjunni. Seintna okum við fram hjá veitingastað sem heitir Matsöluhús.“

## Á Washington-eyju

„Við komum í eyna rétt fyrir hádegi og okum strax á matsölustað þar beið okkar hvítiskur sem eldaður var utandyra í súðrum potti yfir eldi. Hvítiskurinn er feitur og fitan safnast undir roðið. Þegar hann er soðinn flytur hún upp á yfirboðið og skemmir soðninguna, sé henni ekki eytt áður en fiskurinn er tekinn upp úr pottinum. Til að losna við fituna skvettu eyjarskeggjar kerósinöflu á eldinn, sem blossar upp og brennir hana um leið.“ Jónas segir að fiskurinn hafi bragðast þrýðilega.

„Eftir matinn fórum við út í eyju sem nefnist Kletturinn, eða The Rock, og er rétt norðaustan við Washington-eyju. Hjörtur Þórðarson, vísindamaður og einn merkasti vesturfari, reisti þarna nokkur hús, þar á meðal eitt allhátt sem skagar örflútt út í vatnið. Undir húsinu er bátalægi en í aðalsalnum geymdi hann merkilegt bókasafn og hélt veisur.“

## Við upptök Mississippí

Daginn eftir var ekið með hópinn til Duluth í Minnesota þar sem hann skoðaði meðal annars Forest Hill-kirkjugarðinn sem Kristján Jónsson skóp á öndverðri tuttugustu öld. Kirkjugarðurinn þykir einn hinn fallegasti í Minnesota og er í senn skrudgarður og kirkjugarður.

„Frá Duluth okum við áleiðis til Grand Forks og komum við í Itasca Park til að skoða upptök Mississippí-fljótsins. Þar næst var farið yfir til Mountain í Norður-Dakota þar skoðuðum við kirkju og heimsóttum eldri borgara á elliheimilinu Borg.“ Að sögn Jónasar var bæði gaman að hitta fólk og skemmtilegt að tala við það á íslensku.

„Þegar við komum til Garða salum við rústir Thingvallakirkju, skoðuðum minnisvarða Káins og lukum þessum hluta ferðarinnar í byggðasafninu í Icelandic State Park.“

## Íslenskumælandi frændur og frænkur

Í næsta áfanga ferðarinnar var haldið norður til Kanada. „Heimsóknin hófst formlega á bókasafni Manitoba-háskóla en þar er merkilegt safn íslenskra rita, blaða, tímarita og bréfa. Sigríð Johnson bókaforður tók á móti okkur.“

Eftir heimsóknina á bókasafnið fór hópurinn á markað í miðbænum sem kallast The Forks. „Markaðurinn er skammt frá þeim stað þar sem Assiniboine-áin fellur í Rauða. Því næst skoðuðum við stytta af Jóni Sigurðssyni við þinghúsið og kirkju Fyrsta lúterska safnaðarins áður en við höldum í móttöku í Noeræna húsinu þar sem við hittum íslenskumælandi frændur og frænkur.“

## Nýja-Ísland

„Daginn eftir var svo ferðinni heitið um Nýja-Ísland.“ Jónas segir að heilum degi hafi verið eytt í Gimli, Ánesi, Riverton, Heclu-eyju og Árborg. Ég held að flestum okkar hafi þótt þetta magnaður dagur því við hittum



VADÍÐ Í MISSISSIPPI: Sigríður Guðmundsdóttir, Guðmundur Eglisson og Vestur-Íslendingurinn Kent Björnsson vada við upptök Mississippí-fljótsins.



MINNISVARÐI UM VESTURFARA: Minnisvarði um séra Pál Þorláksson í Mountain í Norður-Dakota. Pál varð með fyrstu Íslendingum til að flytja til Vesturheims 1872. Hann lést árið 1882.

svo margt áhugavert fólk, skoðuðum söfn, minnisvarða, byggingar og hlýddum á vesturíslensk ljóð.“

Hópurinn átti frjálstan dag í Winnipeg og notaði tækifærið til að skoða borgina, söfnin, dýragarðinn eða til að versla og hitta frændur, vini eða vandamenn.

„Daginn eftir var ekið aftur til Minnesota og nýlenda Íslendinga í suðvesturhluta fylkisins skoðuð.“ Jónas segir að heimsóknin hafi hafist á bæ Hofteigsættarinnar. „Þar eru enn merki um fyrsta bústað landnemans frá Íslandi en hann gróf sig inn í hæð og tyrfði yfir. Þaðen sést til

Hákonarstaða þar sem Gunnlaugur Pétursson, fyrsti Íslendingurinn í Minnesota, settist að árið 1875.

Við heimsóttum Minnesota og skoðuðum The Big Store, stórmerkilega byggingu sem Ólafur Guðjón Arngrímsson reisti árið 1901. Minnesota Historical Society varðveitir húsið og verið er að koma á laggjarnar byggðasafni í því.“

## Alls staðar góðar móttökur

Í lokaáfanga ferðarinnar var ekið til Minneapolis. Þegar þangað var komið höfðum við ferðast nímlega sex þúsund kílómetra. Þátttakendur voru því feqnar að fá hvíldardag áður en flögðu var heim.

Jónas Þór segir að ferðin hafi fyrst og fremst verið farin til að skoða nýlendu vesturfara. „Í ferðinni fræðast þátttakendur um sögu byggðanna, hvers vegna vesturfarnir námu þar land og hvernig þeim gekk. Það var alls staðar tekið vel á móti okkur og heimamenn voru allir af vilja gerðir að greiða götu okkar. Yfirleitt voru þeir með okkur í rúttunni daglangt eða brot úr degi, sögðu sögur og sýndu okkur markverðustu staðina.“

Að sögn Jónasar mun Þjóðræknisfélagið enn á ný standa fyrir námskeiði um Íslendingabyggð í Vesturheimi í september og í framhaldi af því verður þriðja ferðin um Íslendingaslóðir vestra farin í júní á næsta ári.

## Bókin um London

London er frábær borg sem býður upp á ótrúlega marga möguleika. Þar er að finna leikhús, tónlist, verslun, útmarkaði og söfn. Borgin er því góður áfangastaður fyrir þá sem vilja kynna heims- menningu og nýjum straumum. Í Bókinni



um London segir Dagur Gunnarsson frá öllu því helsta sem borgin hefur upp á að bjóða á aðgengilegan, skemmtilegan og fræðandi hátt. Á eftir stuttum inngangi og leiðbeiningum um hvernig best sé að nota bókina fara almennar upplýsingar og hnitmiðaður kaflar um sögu borgarinnar. Þar á eftir er sagt frá sex gönguleiðum og lýst því markverðasta sem fyrir augu ber í máli og myndum. Sjálfur hef ég notið þess að fara um margar af þessum götum en verð að viðurkenna að ég hefði notið þess enn meir hefði ég haft Bókina um London við höndina. Hún verður það næst.

Í seinni hluta bókarinnar er að finna kafla um helstu söfn og ferðamannastaði í London og hvert má fara ef mann langar í leikhús, á tónleika, út að borða eða hreinlega að skella sér út á líffé og detta í það.

Við lestur bókarinnar kemur berlega í ljós að höfundur þekkir borgina vel og leggur sig allan fram um að lýsa henni á aðgengilegan hátt. Helsti galli bókarinnar er hvað myndir og kort eru lítil.

Mál og menning gefur út Bókina um London og kostar hún 2.980 krónur.



FERJAN KARFI: Hópurinn á leið út í Klettinn, eyjuna þar sem vesturfari Hjörtur Þórðarson settist að.



HVÍTFISKUR SNÆDDUR: Á myndinni eru meðal annarra Ríkey Ríkarðsdóttir, Margrét Samundsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir og aðvarforsetinn í ferðinni, Óskar Bjarnason.